

**Fjármála- og
efnahagsráðuneytið**

Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Sendandi: Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Dagsetning: 09.12.2013
Málsnúmer: FJR13060019
Bréfalykill: 3.7

Efni: Varðar umsagnir við frumvarp - þskj 201, 168. mál

Vakin hefur verið athygli ráðuneytisins á umsögnum fjögurra aðila við frumvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingastarfsemi og lögum um miðlun váttrygginga sem er á þskj. 201, 168. mál þingsins. Verður farið yfir umsagnirnar í sömu röð og greinar frumvarpsins.

2. gr.

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) leggja áherslu á að löggjafinn og eftirlitsaðilar séu samstiga þegar kemur að því að skilgreina hvað séu viðurkenndar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, sbr. 1. mgr. 2. gr. frv. Ráðuneytið bendir á að 1. og 2. mgr. 6. gr. laganna kveða á um skyldu váttryggingafélaga til þess að fylgja ákveðnum normum í starfsemi sinni og um úrræði FME, sé þeim ekki fylgt. Meginefni 1. mgr. 2. gr. frv. fjallar um að váttryggingafélagi sé skylt að gera grein fyrir stjórnarháttum sínum á vefsíðu sinni og í ársreikningi. Þar er tækifæri til þess að gera grein fyrir því að fylgt sé reglum Viðskiptaráðs o.fl. um stjórnarhætti. Ekki verður séð að ákvæði frumvarpsins kalli á sérstaka samræmingu á skilningi löggjafans og FME; það er ákvörðun sjálfs váttryggingafélagsins að tilgreina þær viðurkenndu reglur eða norm sem félagið fylgir.

SFF gagnrýna að enginn rökstuðningur sé með því ákvæði 2. mgr. að birta skuli á vefsíðu váttryggingafélaga nöfn og hlutfallslega eign allra þeirra sem eiga 5% eða stærri hlut í viðkomandi félagi. Á það skal bent að sambærilegt - en þó mun ítarlegra - ákvæði er að finna í 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Þar er sambærileg skylda sett við 1%. Ef váttryggingafélag þyrfti einungis að gefa þessar upplýsingar í ársreikningi, mundi það einungis endurspeglar eignarhaldið á einum degi ársins, t.d. 31. desember ár hvert. Þegar ársreikningur kemur út eru þessar upplýsingar jafnvel orðnar að hluta til úreltar. Eignarhald á váttryggingafélögum kann að vera breytilegt frá degi til dags, sérstaklega í tilfellum þeirra sem skráð eru á skipulega verðbréfamarkaði og því þykir æskilegt að gera skylduna til þess að upplýsa um eignarhald umfram 5% að viðvarandi skyldu þannig að almenningur eigi alltaf kost á því að fá nýjustu upplýsingarnar um eignarhaldið. Í kjölfar fjármálakrisunnar sem reið yfir fjármálaheiminn 2007-2008 fór af stað umræða um mikilvægi gagnsæs eignarhalds á fyrirtækjum í fjármálageiranum, bæði hér á landi sem og annars staðar. Gagnsæi eignarhalds er mikilvægt fyrir þá sem stunda viðskipti við félög, sérstaklega minni haghafa, bæði fjárfesta og kröfuhafa. Það að auðkenna raunverulega eigendur félags ætti að leiða til trausts og trúverðuleika félagsins, ásamt því að frekari gagnsæi ríkir um viðskipti félagsins, t.d. við tengda aðila. Upplýsingar um þá aðila sem raunverulega standa að baki váttryggingafélaginu ættu einnig að leiða til betri stjórnarháttanna og fjárhagsgæslu í fyrirtækinu og að reglum á markaði sé fylgt. Mikilvægt er að haghafar, fjárfestar, viðskiptamenn og aðrir hafi allir upplýsingar um breytingar á raunverulegu eignarhaldi félagsins, þannig að þeir geti metið stöðu sína gagnvart því. Ásamt því að auðvelda Fjármálaeftirlitinu eftirlit með því hverjir fari með eignarhald yfir viðkomandi fyrirtæki byggir ákvæðið einnig á sjónarmiðum um almannahagsmuni. Almenningur hefur hagsmuni af því að vita hverjir séu eigendur þeirra fyrirtækja sem hefur verið sýnt það traust að hljóta starfsleyfi og taka við

fjármunum almennings, hvort sem það er í formi innstæðna eða iðgjalda vegna mikilvægra váttryggingarhagsmuna. Ráðuneytið getur ekki samþykkt að það sé íþyngjandi gagnvart váttryggingafélögum að halda utan um nöfn þess mengis sem á 5% eða stærri eignarhlut í viðkomandi fyrirtæki.

Þá telja SFF óþarfa að FME setji reglur um hvað teljist góðir viðskiptahættir og venjur í váttryggingaviðskiptum, sbr. ákvæði 3. mgr. frv. Ráðuneytið telur þvert á móti að það sé til einföldunar og aukins skýrleika að þeim aðila sem falið er jafn viðtækt eftirlit og FME sé gert að setja slíkar reglur. Bendir ráðuneytið á að skv. 97. gr. og 101. gr. laganna getur FME lagt stjórnvaldssekt - eða ef brot er alvarlegt sent það til frekari ákærumeðferðar - á þau váttryggingafélög sem gerast brotleg við ákvæði 6. gr. um að fara að góðum viðskiptaháttum eða venjum í váttryggingaviðskiptum. Það hlýtur að auðvelda váttryggingafélögum að fara að þeim reglum ef þær eru útgefnaar.

4. gr.

SFF telja að umfjöllun í athugasemdum um aðallögfræðing og tryggingastærðfræðing sem lykilstarfsmenn váttryggingafélags eigi ekki við rök að styðjast og að ósamræmis gæti á milli löggjafans og FME um hverjir teljist lykilstarfsmenn. Ráðuneytið getur ekki tekið undir athugasemd SFF og telur að í ljósi starfa fyrir vinnuveitanda sinn séu þessi tvö starfsheiti meðal þeirra sem teljast til lykilstarfsmanna váttryggingafélaga.

4. og 7. gr.

SFF gerir athugasemdir við skilgreiningu á "útvistun" í frumvarpinu og virðist telja að undir þá skilgreiningu kunni að falla ýmis verkefni sem ekki eru starfsleyfissskyld samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi, svo sem þrif. Ráðuneytið bendir á að lög um váttryggingastarfsemi fjalla með ítarlegum hætti um þá starfsemi sem telst til váttryggingastarfsemi og krefst starfsleyfis eða tilkynningar. Skoða verður skilgreininguna í því samhengi. Innheimta, þrif og aðkeypt lögfræðiþjónusta er ekki starfsleyfissskyld starfsemi váttryggingafélags. Ráðuneytið telur texta frumvarpsins og athugasemda við viðkomandi ákvæði skýran.

9. gr.

SFF telur tilvísun til 3. og 4. mgr. ranga. Ráðuneytið er sammála SFF og leggur til að í stað tilvísunar til 3. og 4. mgr. verði vísað til "seinni málsgreinar 1. tölul. 1. mgr." og "seinni málsgreinar 2. tölul. 1. mgr."

13. gr.

SFF leggur til að orðið "vinnudagur" komi í stað orðsins "starfsdagur" eins og lagt er til í frumvarpinu. Í 42. gr. laga um fjármálafyrirtæki er orðið "starfsdagur" notað og í 43. gr. sömu laga er hugtakið "virkur dagur" notað. Ráðuneytið hallast að því að rétt sé að gæta samræmis ef þess er kostur og telur að orðið "starfsdagur" sé hentugra.

16. gr.

Bæði SFF og FME gera athugasemdir við ákvæði frumvarpsins um takmarkanir á krossstjórnarsetu. Telja þau að ákvæðið eigi að taka mið af þeim breytingum sem gerðar voru á sambærilegum ákvæðum í lögum um fjármálafyrirtæki með lögum nr. 47/2013. Ráðuneytið tekur undir þessar umsagnir og leggur til að 5. mgr. 54. gr. (fyrrri málsgrein b-liðar frv.) verði svohljóðandi:

"Stjórnarmenn váttryggingafélags mega ekki eiga sæti í stjórn annars eftirlitsskylds aðila eða félags í nánnum tengslum við það né vera starfsmenn, endurskoðendur eða tryggingastærðfræðingar annars eftirlitsskylds aðila eða tengdra félaga. Stjórnarmenn fjármálafyrirtækis mega einungis sinna þeim

lögmannsstörfum fyrir annað váttryggingafélag sem ekki geta valdið hættu á hagsmunaaðrekstrum á milli félaganna tveggja eða á váttryggingamarkaði. Hyggist stjórnarmaður taka að sér lögmannsstörf fyrir annað váttryggingafélag skal hann fá skriflegt samþykki stjórnar váttryggingafélagsins sem hann er stjórnarmaður í fyrir því að hann megi taka að sér umrætt starf, tilkynna Fjármálaeftirlitinu um starfið sem hann hyggst taka að sér og upplýsa Fjármálaeftirlitið um eðli starfsins og umfang þess. Stjórnarmaður ber sönnunarbyrði um að lögmannsstarf sem hann tekur að sér fyrir annað váttryggingafélag brjóti ekki gegn ákvæði þessu. Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá stjórnarmanni í því skyni að meta hvort brotið hafi verið gegn ákvæðinu. Starfsmönnum váttryggingafélags er ekki heimilt að sitja í stjórn viðkomandi váttryggingafélags."

Þá leggur SFF til að lokamálsliður 2. mgr. b-liður falli brott. Telur SFF að FME hafi fullnægjandi heimildir - án ákvæða málsliðarins - til þess að bregast við ef það telur viðkomandi stjórnarsetu skaða heilbrigðan rekstur viðkomandi váttryggingafélags. Ráðuneytið setur sig ekki upp á móti því að lokamálsliðurinn sé felldur brott.

Loks fjallar SFF um kosningu varamanna í stjórn. Ráðuneytið er á þessari stundu ekki reiðubúið til þess að tjá sig um þetta efni en telur eðlilegt að samræmis sé gætt við önnur lög á fjármálamarkaði.

17. gr.

FME leggur til að ákvæði 17. gr. verði efnislega færð undir 36. gr. laganna en ekki undir 94. gr. eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Ráðuneytið setur sig ekki upp á móti tillögu FME.

21. gr.

FME er ekki með efnislega athugasemd við ákvæði greinarinnar en hvetur til þess að sambærilegt ákvæði verði sett í öll lög um starfsemi á fjármálamarkaði. Ráðuneytið mun hafa slíkt í huga eftir því sem tilefni gefst.

22. gr.

FME veltir því upp hvort ákvæði 1. mgr. 9. gr. tilskipunar ESB 92/2002 sé eða hafi verið verði innleitt með fullnægjandi hætti. Ekki er gerð tillaga um breytingar á texta eða ákvæðum laga.

Aðrar umsagnir

Samtök atvinnulífsins (SA) og Viðskiptaráð Íslands (VÍ) senda einnig inn umsagnir og lýsa þar yfir stuðningi við umsagnir SFF.